

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 133/591**  
**komudagur 6.12.2006**

Minnisblað um virðisaukaskatt á lyfjum.

Árleg sala lyfseðilsskyldra lyfja er rúmlega 10 milljarðar.

24,5 % vaskur þar af eru um 2,5 milljarðar.

Væri vaskurinn 7 % innheimtust 700 milljónir

Við lækkun vsk úr 24,5 % í 7 % væri tekjutap ríkissjóðs 1800 milljónir.

Útgjöld TR vegna lyfja eru árlega rúmlega 6 milljarðar.

24,5 % vaskur þar af eru um 1500 milljónir.

Væri vaskurinn 7 % innheimtust 420 milljónir.

Við lækkun vsk úr 24,5 % í 7 % mætti lækka framlag ríkisins til TR um 1080 milljónir.

Lyfjakostnaður sjúkrastofnana vegna lyfseðilsskyldra lyfja er a.m.k 3 milljarðar.

24,5 % vaskur þar af er um 750 milljónir.

Væri vaskurinn 7 % innheimtust um 210 milljónir.

Framlag ríkisins til sjúkrastofnana vegna lyfja gæti lækkað um 540 milljónir.

Tekjutap ríkissjóðs við að lækka vask á lyfseðilsskyldum lyfjum úr 24,5 % í 7 % eru 1800 milljónir.

Sparnaður ríkissjóðs vegna TR og sjúkrastofnana þar á móti yrðu a.m.k. 1620 milljónir.

Mismunur 180 milljónir.

Frekari rök fyrir lækkun vsk á lyfjum :

Hin almenna regla er að heilbrigðisþjónusta er undanþegin vaski, nema lyf.

Lyfseðilsskyld lyf bera engan vask í Svíþjóð, Bretlandi, Írlandi, Kanada og Möltu. Í Finnlandi er vaskur 8 % á lyfseðilsskyldum lyfjum.

Tekjujöfnunaráhrif eru veruleg. Kaupendur lyfja eru fyrst og fremst öryrkjar, sjúklingar barnafólk og gamlingjar, fólk sem oft er í lægri tekjuhópum.

Verið er að færa niður vask á mörgum nauðsynjavörum, einnig hljómdiskum og áfengi.

17,5 % verðlækkun á lyfseðilsskyldum lyfjum vekur jákvæða eftirtekt á kosningavari.

Læknir skrifar ekki resept nema hann telji sjúkling þurfa, svo ekki er hætt á aukinni óþarfri lyfjanotkun.